


# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSA MBANDSMÁL



EFNISYFIRLIT :	Bls.
Félagsgjaldið . . . . .	2
Blaðið og efni þess. Þorsteinn Jónsson. . . . .	3
Geimvísindin og höfundur Njólu. Bjarni Bjarnas. Brekkubæ	5
Úr nýrri bók eftir Fred Hoyle. I. Agnarsson þýddi. . . . .	6
Guðmundur á Klafastöðum segir frá . . . . .	7
Um helstefnumerki á Íslandi. Kristján Baldursson . . . . .	9
Fljúgandi diskar. Ingvar Agnarsson. . . . .	9
Geimfari sá „ Himinsýnir ” ? . . . . .	11
Fundargerð . . . . .	13

Útgefandi : Félag Nýalssinna  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson  
Úlfssstöðum, Borgarfirði

## FÉLAGSGJALDIÐ.

Á aðalfundi Félags Nýalssinna, sem haldinn var 2. marz s.l. kom fram tillaga frá stjórninni um að hækka árgjald félagsins úr kr. 100.00 upp í 300.00 kr. Var þetta rökstutt og bent á það að útgjöld félagsins væru allmikil, við fundarboðun og auglýsingar, við húsnæði félagsins á Laugavegi 24, við fundahúsnæði og einkum þó við félagsblaðið. En það fær hver maður á móti árgjaldi sínu. Skýrði Sigurður F. Ólafsson gjaldkeri félagsins frá því, að nokkrir félagsmenn greiddu 1000.00 kr. árgjald eða meira og hefði þetta þó ekki nægt til að jafna reikningana að fullu á s.l. ári, en á þessu ári myndu verða meiri útgjöld. Skoraði hann á félagsmenn að bregðast vel við og láta sig ekki um muna þótt árgjaldið hækkaði, því þetta er skilyrði þess að félagið standi á eigin fótum. Var tillagan síðan samþykkt í einu hljóði, þannig að árgjaldið hækkaði í 300.kr. sem minnsta gjald. Væri það nógu skemmtilegt, ef félagar sýndu samþykki sitt við þessa breytingu með því að bregða fljótt við með greiðslu.

Prentvillur. Allmargar prentvillur munu hafa verið í Marzblaðinu, og eru menn þá sérstaklega beðnir að leiðrétta á forsiðu ártalið sem vitanlega á að vera 1966.

## FORSIÐUMYND = SÓLIN OG FYLGIHNETTIR HENNA.

Á þessari mynd koma fram hlutföllin milli stærðar sólarinnar og jarðstjarnanna sem ganga kringum hana. Á hinum bjarta fleti sólarinnar sjást nokkrir sólblettir, og er stærð þeirra sumra gífurleg, ef borin er saman við stærð jarðarinnar. Nöfn reikistjarnanna sjást á myndinni við hverja stjörnu fyrir sig. ( la Terre merkir Jörðin ).

Hér skulu nefnd þvermál þessara hnatta og reikistjörnurnar taldar frá sól og út eftir :

Sólin	:	1.391.000 km	Júpiter	:	141.000 km
Merkúr	:	4.700 "	Satúrnus	:	120.000 "
Venus	:	6.800 "	Úranus	:	50.000 "
Jörðin	:	12.756 "	Neptúnus	:	45.000 "
Marz	:	6.800 "	Plútó	:	5.900 "

Heimild: Manuel pratique d. astronomie eftir Lucien Rudaux.



## BLAÐIÐ OG EFNI ÞESS.

Ákveðið hefur verið, að hér eftir verði félagsblaðið um það bil helmingi minna í hvert sinn en verið hefur, eða aðeins um 16 síður, og fylgir þó þeirri ákvörðun ekki sú meaning, að það skuli dragast saman. Meiningin er, að blaðið komi þeim mun oftast út sem það verður minna, og þykir líklegt, að félögum úti á landi komi þetta betur. Hafa ráðamenn félagsins látið þá ósk í ljós við mig, að blaðið komi út minnst sex sinnum á ári, og verður það undir félagsmönnum komið, hvort það getur orðið. Berist mér nægjanlega mikið efni, þá ætti þetta að geta tekizt.

Um efni blaðsins í þetta sinn sé ég ekki ástæðu til að fara að ræða mikið, því að yfirleitt skýrir það sig sjálft. Er þannig um grein Bjarna á Brekku, grein og þýðingar Ingvars og grein Kristjáns Baldurssonar. Þó vil ég minna á það í sambandi við grein Bjarna, að þessi tími, síðari hluti 18. aldar og fram á þá 19., var tími þeirra Mozarts og Beethovens, Goethes og Schillers, Byrons og Thorvaldsens, eins og það var líka samfara hjá Forngríkkjum að skapa hin fegurstu listaverk og nálgast það, sem rétt er varðandi heim og líf. Hinsvegar hefir á þessari öld orðið mjög samferða framkoma ýmiskonar afskræmli- listar og að farið var að halda fram þeim heimsfræðiskilningi, sem meir stefnir til takmarkana og innilokunar, þótt nú séu þær takmarkanir að sumu leyti aftur farnar að rofna.

Nokkur ástæða kynni að vera til þess að ræða frásögur Guðmundar á Klafastöðum, þó að samskonar efni hafi víst verið eitthvað rætt hér í blaðinu áður eða þá í Ísl. stefnu. Hefi ég látið mér detta þá skýringu í hug varðandi fylgjur og Móra, að þar sé um að ræða minningatengsl framliðinna vesalinga við staði og fólk hér á jörðu og jafnvel ættir. Þannig hefi ég látið mér detta í hug, þegar um reimleika er að ræða tengda ákveðnum stöðum, að stundum, þegar á þessa staði er komið, skapi það hinum framliðnu mönnum tengsl við þá, sem svo leiði til þess, að ömurlegir atburðir sem þar gerðust einmitt í sambandi við þetta framliðna fólk, framleiðist þar að einhverju leyti aftur. Er hugsanlegt, að þessu sé að sínu leyti eins farið, þegar um fylgjur er að ræða, Skottur og Móra, og koma þar nú að vísu til greina víðtækari sambönd, þegar slíkar fylgjur koma fram sem fyrirboðar. - En fyrir utan þetta er eitt í þessum frásögum Guðmundar, sem ég sérstaklega vildi vekja athygli á. En það er það sem segir frá í I. kafla, að dyrnar, sem sögumanninum virtist konusvipurinn fara út um, opnuðust hjaramegin, og bendir það alveg ákveðið til þess, að þarna hafi ekki verið að ræða herbergi það, sem eitt virtist þó koma til greina og þá auðvitað ekki heldur sjálfan sögumanninn né konuna, sem hann tengdi sýnina við. Eðatmeð öðrum orðum



þarna hefiraðeins verið um draum að ræða, eins og sögumaðurinn líka sagði að hlyti að hafa verið. En hinsvegar kemur þó þarna einnig til greina einhver vitneskja eða hugboð varðandi hina deyjandi konu, sem sögumaðurinn hugði sig hafa séð, og má vera að þar hafi komið til greina eitthvert ástæði á þann hátt einhvern, sem ég stundum hefi vikið að hér í blaðinu.

Mjög er ég þeirrar skoðunar, að ferðalög með geimförum og útvarpssendingar til fjarlæggra sólhverfa séu óframkvæmanleg, og hefi ég fyrir löngu, þó að ég hafi líklega hvergi fest það á blað, skapað mér sömu rök fyrir því og hér eru nú höfð eftir Fred Hoyle. Þar sem gera má ráð fyrir, að í hinum óendanlega heimi séu til óendanlega miklu máttugri og þroskaðri verur en þessarar jarðar menn eru, þá ætti það þegar að hafa gerzt fyrir löngu, að slíkar verur hefðu komið hingað í heimsókn, ef möguleikar væru til slíks. Hið líklegasta er og má reyndar telja það alveg sjálfsagt, að ferðalög milli sólhverfa hljóti ævinlega að vera háð lífinu sjálfu, og að heimsóknir hingað hafi því ævinlega strandað á ófullkomleik og samstillingarleysi jarðarbúa, og er þó líklegast, að nútíminn sé í því efni heldur verri en áður var. En ef til vill kynni nú svo að takast, að þessi áhugi, sem nú virðist víða um jörð vera að vakna á samböndum við íbúa annara hnatta, skapi þann samhug, sem nauðsynlegur væri til árangurs í þessu efni. Ef til vill tekst það vegna þessa áhuga eða hefir jafnvel tekist að einhverju örlitlu leyti og þá í samræmi við tækniáhuga nútímans, að geimfar í loft- hvolfi annars hnattar framleiði einhverja eftirlíkingu sína í loft- hvolfi jarðarinnar og þá auðvitað ekki mannlaust eða án áhafnar, og væri slíkt þá auðvitað alveg samskonar fyrirbæri og þegar lík- amningur kemur fram á miðilsfundi. Væri þar þá, eins og lesa má um í Nýal, um að ræða hamfaraheimsóknir á milli hnatta, þó að vegna fáfræði viðtakanda hér hafi slíkum heimsækjendum víst aldrei tekist að gera neina ljósa grein fyrir því. Eins og ég hefi áður tekið fram einhverstaðar, þá er ekki eins erfitt að koma neinu í gegn og sannleikanum eða hinu rétta og mun svo enn verða, með- an ekki verður full samstaða nægjanlega margra um hinn nýalska skilning.

Þorsteinn Jónsson.

---

Framhald af bls. 16.

þær ", spurði Þorsteinn. Þér ættuð að kynna yður þær " bætti hann við. " Þess þarf ég ekki " sagði sá danski. " Þá eruð þér ekki vísindamaður" sagðist Þorsteinn hafa sagt og þagnaði. hinn þá. - En í blöðunum daginn eftir hefði ekkert verið getið um erindið, og taldi Þorsteinn það aðalávinningsinn af þessu til- tæki sínu.

Skal þessi fundargerð svo ekki höfð lengri.

10 sátu fundinn og var honum slitið kl. 11.

Sveinn Haraldsson



## GEIMVÍSINDIN OG HÖFUNDUR NJÓLU.

Í ársriti, „ Hins íslenska fræðafélags ”, öðrum árg. frá 1917, er ritgerð eftir Þorvald Thoroddsen, er nefnist „ Heimur og geimur ”. Meginefni hennar greinir frá helztu niðurstöðum vísindanna í stjörnufræði. Þegar þær eru bornar saman við nútímann, sést bezt hve framförinhefur orðið stórstíg í þessari fræðigreini á síðustu áratugum. Ég vil hér benda á þýðingarmikið atriði. Um og eftir síðustu aldamót vissu stjörnufræðingar lítið um hinar fjarlægðu stjörnuþokur og hugðu margir þeirra, að þær væru hluti af vorri vetrarbraut. Athyglisvert er, að margir stjarnfræðingar 18. aldar og fram á 19. öld, höfðu á þessu aðra skoðun og töldu af hyggjuviti sínu, að hér væri um fjarlæg sólnasöfn eða vetrarbrautir að ræða. Á þessu er nú fengin staðfesting, með tilkomu hinna nýju og fullkomnari tækja við geimrannsóknir. - Spekingurinn mikli Björn Gunnlaugsson var í hópi hinna síðast töldu. Hefir hann sett skoðun sína ljóslega og fagurlega fram í kvæði sínu Njólu.

Finnst mér rétt að minna á þetta og taka hér upp nokkur erindi úr nefndu kvæði, flokknum, „ Ótal vetrarbrautir ”.

Enn nú margan bleikan blett  
á bláum himni lítum,  
„ stjörnuþokur ” þessir rétt  
því hjá kallast ítum.

Augum berum eygt menn fá  
um allar röðulgrundir,  
aðeins tvær, en samt má sjá  
um sjónargler þúsundir.

Vetrarbraut ef væri fjær,  
víst út líta mundi  
eins og stjörnuþokur þær  
þróins fjörni undir.

Sem þá mest er síldum af  
í söltum þorska lautum,  
allt eins morar uppheims haf  
ótal vetrarbrautum.

Hver ein stjörnuþoka þá,  
þeirri af líking hyggjum,  
vetrarbraut sé víð og há  
vorri lík, er byggjum.

Þorvaldur Thoroddsen tekur fjögur þessi erindi upp í ritgerð sína, en telur að fáir stjörnufræðingar séu á þessari skoðun. Þekking á alheiminum náði þá ekki út fyrir vora vetrarbraut.

Björn Gunnlaugsson var á fleiri sviðum en þessum, á undan sínum tíma. Í flokknum, „ Byggð í stjörnum og tilgangur hennar ”, standa þessi erindi :

Lýsa mun því sérhver sól  
sínunum plánetunum  
hvar lífsskarar breytin ból  
byggja á upphverfunum.

Sólarljóss fyrst þurfa þær,  
þar munu skepnur gæddar  
augnaljósi, eins og vær,  
um sinn drottinn fræddar.

Annað líf svo eignast þeir,  
engilfagrir munu  
eilífðar þá meir og meir  
magnast fullkomnunum.

Stjörnuháar þessir þar  
þannig sig til reiði  
undir kjörin eilífðar,  
á lífs tíma skeiði.

Hefir byggðir búnað lýð,  
þá burt frá jörðu vendir ;  
ljósum prýdd guðs borgin blíð  
bjarta geisla sendir.

Hér læt ég staðar numið, þó margt fleira gefi Njóla tilefni til athugunar. Í Njólu kemur fram tilraun að samræma trú og vísindi. Hugmynd um alheimsáformið, nefnir höfundur kvæði sitt öðru nafni. - Heimspeki sú er kvæðið flytur er að mörgu eftirtektarverð og víða gætir þar vísindalegs innblásturs, eins og hér að nokkru hefir verið minnst á. - Mér hefir á stundum fundizt, að Njóla vera skemmtilegur forboði hinnar íslensku heimspeki, en síðar kom fram.

21. janúar 1966

Bjarni Bjarnason, Brekkubæ

## ÚR NÝRRI BÓK EFTIR FRED HOYLE.

Of men and galaxies, bls. 41.

Gild líffræðileg rök liggja gegn langferðum um geiminn. Ef við gætum farið slíkar ferðir, gætu það einnig aðrir. Það er alveg fráleitt að við yrðum fyrstir á þeim vettvangi. Fjöldi annara væru þegar búnir að koma hingað. Hvers vegna ættu þeir þá ekki að hafa gert það? Þessi jarðstjarna er mjög hentugur dvalarstaður. Í rauninni hefðum við aldrei náð að þróast á Jörðinni vegna þess að Jörðin hefði orðið fullbyggð annarstaðar frá. Sú staðreynd, að þetta hefur ekki gerst kemur mér til að álykta að geimsiglingar séu ekki aðeins erfiðleikum bundnar, heldur óframkvæmanlegar og þetta leiðir til rökstuðnings, sem ég nota gjarnan, ekki aðeins í hugleiðingum heldur einnig í vísindalegu starfi.

I. A. þýddi.



## GUÐMUNDUR Á KLAFASTÖÐUM SEGIR FRÁ.

### I.

Aldraður maður á næsta bæ sagði mér frá þessu :

Hann kvaðst halda sig hafa verið vakandi, " en mig hlýtur víst að hafa dreymt, " sagði hann. Þóttist hann sjá konu koma inn í herbergið, þar sem hann var, og var hún þar ekki lengi, en þó svo lengi að glöggmt mátti auga á festa og meira en það. Fór hún svo út um dyrnar, og opnuðust dyrnar þá hjaramegin að honum þótti eða sýndist. - Er maðurinn sagði mér þetta, sem þá var nokkru síðar en það gerðist, hafði hann frétt lát konu, er mjög var kunnug á heimili hans, og lét hann sér detta í hug draum þennan eða sýn í því sambandi. Nokkru síðar sagði hann mér, er hann hafði nánari fréttir, að stúlkan hefði dáið um sama leyti nætur og hann sá sýnina eða dreymdi drauminn. Verðum við svona flugfær undir eins eftir vistaskiptin ? Hvað segja menn um það ?

### II.

Þorkell hét maður Kristjánsson. Ólst hann upp á Brúsa-stöðum í Þingvallasveit. Hann mun hafa verið maður réttorður og ólýginn, eins og sagt var um suma áður fyrr, enda þótt hann greindi stundum á við menn um skilning á biblíunni og deildi jafnvel við presta sína um túlkun þeirra á þeim fræðum. Einn af sonum hans, Þorbergur, sagði mér eftir honum þessa sögu :

Þorkell mun hafa verið 9 eða 10 ára og var hann að leika sér úti á túni. Eigi langt frá sér sér hann þá strák móleitan eða mórauðan. Hyggur hann þá að þetta sé Móri, eða þóttist víst vita, og vill nú víst nokkurt fangaráð á hafa, sjálfsagt til frekari skilnings á fyrirbærinu, er hann oft hafði heyrt nefnt en aldrei séð áður. Elti hann því strákinn, sem hvarf honum brátt fyrir barð eða leiti nokkurt. Skildi svo með þeim. Faðir Þorkels, Kristján, var um þetta leiti að setja út bát við Þingvallavatn, víst með öðrum manni eða fleirum. Skruppu honum þá fætur, svo að hann féll. Sagði hann svo, að sér hefði fundist sem kippt væri undan sér fótum. Að vörmu spori kom þá til þeirra maður, og var hann af ætt, sem talið var að Móri hefði haft fylgilag við. - Margar eru líkar sögur til af Móra eða hans líkum, en ég skrifa þessa af því, að ég ætla að sönn sé. En hvernig er þessu annars varið ?

### III.

Margrét hét kona Torfadóttir. Hún var lengi húsfreyja í Galtarholti í Skilmannahreppi. Margrét sagði mér það sem hér



fer á eftir, og var ég þá á 12. eða 13. ári. Margrét var hér á Klafastöðum á annað ár. Var hún þá mjög farin að þreki, en þó lifði hún mörg ár eftir það. Hún var merk kona að ég hyggt, og munu svo hafa talið fleiri, er hana þekktu. Margrét var í Stóra-Lambhaga um hríð eftir að hún lét af búskap. Eitt sinn var hún á engjum að raka ljá, og voru fleiri stúlkur, víst þrjár ef ekki fimm í allt. Frá þeim séð kenndi nokkurrar hæðar þarna í mýrinni, líklega í suðurátt. Á hæð þessari sáu þær allar strák eða unglung, að þær töldu vera, og sýndist svo sem hann væri að koma til þeirra. En piltungur þessi hvarf jafnskjótt og hann sást. Skömmu seinna kom til stúlnanna húsfreyja af næsta bæ, og var hún á hesti, en eigi var hann það, sem á undan henni fór, - víst ósporlatari en við nútímamenn, enda aldrei kenndur við forstjóraveiki. Kona þessi var af ætt, sem Móri var talinn fylgja.

Eitt sinn, og var Margrét þá enn í Stóra-Lambhaga, vaknaði hún um nótt, og voru þá hross komin upp á bæjarþakið, að hún hélt. Leit Margrét út um glugga, líklega til að huga að þessu. Sund nokkurt var þar, víst á milli veggja. Þar sá hún strák, mórauðan auðvitað, og sperti hann alla limi út sundið. Mér varð einhvernveginn þannig við þetta, sagði Margrét og brosti að, að ég vakti piltana en fór ekki sjálf út að athuga þetta. Um rismál að morgni kom maður af næsta bæ, og þótti þá sumum auðráðið, hver strákurinn í bæjarsundinu hafi verið.

Margrét ræddi aldrei oftar um þessi efni, svo ég muni, og var ég þó, svo sem krökkum er gjarnt til, fíkin í að heyra slíkt.

#### IV.

Fyrir nokkru kom ég á bæ í næstu sveit. Húsfreyjan á bænum sagði mér, að fyrir nokkrum dögum hefði sig syfjað svo mjög, er hún var við störf, að hún varð að tylla sér á stól í eldhúsinu, og sofnaði hún þegar á stólnum. Dreymdi hana þá, að í einu horni húss þess, er hún taldi sig vera í, lægi dýr ( húsdýr ) lítt sjálegt. Vaknaði húsfreyja víst brátt. En sama daginn, litlu síðar, ef ég man rétt, kom maður nokkur, og vildi konan helst meina þetta fylgju hans og ættmenna hans. Var talið, að dýr þetta hefði eigi átt góða daga, og hefði einn forfaðir mannsins ekki langt fram að hafa valdið því.

Ef svo færi, að Þorsteinn birti þetta í félagsblaði okkar, hvort vildu þá ekki fleiri senda honum slíkt. Það er allmikið til af svona sögum, en misjafnlega sannfræðilegum af því að menn eru misjafnlega sannkærir eða athugulir.

Meira síðar.

Guðmundur Þorsteinsson.



## UM HELSTEFNUMERKI Á ÍSLANDI.

Nú er farið að bera mikið á helstefnumerkjum á Íslandi, og er það eðlilegt. Þjóð, sem gerir sér far um að trúa lýgi en fyrirlítur sannleikann, getur ekki verið á réttri leið.

Dr. Helgi Pjeturss ætlaðist til þess, að Íslendingar yrðu leiðarljós öllu mannkyni. En sú von hans virðist ekki ætla að rætast, þar sem meginhluti þjóðarinnar hafnar kenningum hans. Og afleiðingar af þessu eru nú líka að koma í ljós. Hin tíðu slys og hinir svokölluðu menningarsjúkdómar eru meðal afleiðinganna.

Það má segja að þjóðin leiði þetta yfir sig. Og fari fólkíð ekki að átta sig, þá mun halda áfram að fara verr og verr.

Það er eftirtektarvert, hve öllum listum fer nú aftur. Nú þykir það fínast, sem er ljótast og andstyggilegast og mestur er vanskapaður. Og mun þá ekki einnig færast í þá átt meðal manna og dýra ?

Kjarnorkuna hafa menn leyst úr læðingi, sem er brot á lögmálum náttúrunnar. Með klofnun frumeindakjarnans er sleppt lausu afli, sem menn ráða ekki við, en er líklegt til að hafa hinar ægilegustu afleiðingar. Úrgangur frá kjarnorkuverum verður ekki að engu, heldur eykst stöðugt þangað til ekki einungis froskar, heldur einnig mennirnir verða allir vanskapaðir. En ef til vill verður beitt fljótvirkari aðferð og jörðin sprengd sundur með kjarnorkunni.

Fram á síðustu ár hafa Íslendingar sloppið við hin alvarlegustu helstefnumerki, og er örugglega óhætt að þakka dr. Helga Pjeturss það. Þau áhrif, sem hann þrátt fyrir allt hefir haft með hugsunum sínum, hafa með einhverjum hætti orðið til að bægja hinu versta frá. En nú virðist eins og allt sé að fara í sama horf hér og annarsstaðar, og er því ekki seinna vænna að fara að hugsa sitt ráð og þiggja sannleikann en hafna lýginni og hræsnni.

Reyni nú hver að gera sitt hið bezta til að bera sannleik-  
anum vitni.

9. nóvember 1965

Kristján Baldursson

## FLJÚGANDI DISKAR.

Í Morgunblaðinu 15. ágúst, 1965, var eftirfarandi fréttagrein : Lenti fljúgandi diskur í Brasilíu ? Rio de Janeiro, 14. ágúst - NTB.

Blaðið " Jornal do Brazil ", sem gefið er út í Rio de Janeiro, og talið hefur verið í hópi áreiðanlegri blaða, skýrir í dag



frá því, að "fljúgandi diskur" hafi lent í Sao Paulo-héraði. Hafi stjórnandi farartækisins, sem hafi verið mjög lágvaxinn, aðeins 70 sm, hár gefið sig á tal við bónda einn, á portúgölsku. Hafi sá ókunni fært bónda óþekktan málm til sannindamerkis þess að hann hafi komið frá annarri plánetu.

Blaðið segir málminn nú í athugun, en ferðalangurinn er allur á bak og burt.

Eins og fréttin ber með sér, segir frá fljúgandi diskum sem lent hafi í Brasilíu, og hafi stjórnandi hans haft tal af bónda einum. Mjög vil ég draga í efa, að fljúgandi diskur hafi lent í Brasilíu, eða yfirleitt, að slíkar farartæki hafi nokkru sinni lent á okkar jörð. Til þess munu byggðir hnettir vera of langt í burtu frá okkar jörð, og hygg ég að slíkar geimferðir milli sólhverfa séu naumast eða ekki iðkaðar, þótt um tæknilega háþrúð mannkyn kunni að vera að ræða á óteljandi jarðstjörnum í geimnum.

Þó vil ég ekki bera brygður á frásögn hins brasilíska bónda. Hann mun hafa sagt rétt frá atburðum, eins og þeir komu honum fyrir sjónir. En hér hlýtur að þurfa annara skýringa við en þeirra, sem algengastar hafa verið til þessa. Ég vil hér gera ráð fyrir að um sambandsskynjun hafi verið að ræða. En sambandsskynjun er í því fólgin að einn skynjar það sem annar sér og reynir í raun og veru. Sannanir á slíku sambandi milli manna hér á jörðu eru margar til, og virðast jarðneskar fjarlægðir ekki verða til hindrunar. Er og líklegast að hið sama gildi þótt um margfaldar fjarlægðir sé að ræða, þ.e. á milli fjarlæggra himinhnatta. Því lífgeislinn, sem enn er lítt rannsakaður, er svo hraðfara, að hann mun þurfa svo til engan tíma til að fara sólhverfa og vetrarbrauta milli. En á lífgeislan milli fjarlæggra einstaklinga byggist öll sambandsskynjun, og í raun og veru öll reynsla, sem kölluð hefur verið dulræn.

Ég vil nú, í ljósi þess, sem hér er sagt, reyna að skýra á hvern hátt brasilíski bóndinn hefur öðlast hina sérstæðu reynslu, sem Morgunblaðsgreinin segir frá.

Ég geri ráð fyrir að á einhverjum hnetti, þar sem tækniþróun er á háu stigi, séu til farartæki, lík þeim "fljúgandi diskum" sem svo margir jarðarbúar hafa "séð" í allmörg ár. Einhver af íbúum þess hnattar, horfir á eitt slíkt farartæki lenda skammt frá sér. Stjórnandi þess kemur út, og þessir tveir menn taka tal saman. Þessir menn eru e.t.v. upprunnir á þeim hnetti. A. m.k. hafa þeir aldrei átt heima á okkar jörð, og bendir hinn lági vöxtur flugmannsins til að svo sé. Þeir tala vafalaust saman á þeirri tungu, sem þeir hafa vanist, og sjálfsagt er það ekki portúgalska.



Nú er að segja frá portúgalska bóndanum, sennilega er hann staddur úti á akri sínum eða a.m.k. er hann einhversstaðar úti fjarri öðru fólki, þótt nefnd grein geti þess ekki. E.t.v. er hann næmur fyrir áhrifum, þannig að hann skynjar stundum það, sem kallað hefur verið dulrænt. Þar sem bóndinn er nú þarna úti, einn sér, kemst hann í þannig ástand, að hann hættir að skynja umhverfi sitt að meira eða minna leiti, en í þess stað fer hann að skynja annað umhverfi og atburði, sem eru honum algerlega framandi. Hann er þarna kominn í vitundarsamband við mann á öðrum hnetti, mann, sem á þessari sömu stundu er að horfa á sérkennilegt farartæki lenda. Portúgalska bóndanum finnst hann sjálfur vera þessi maður þrátt fyrir einhvern mismun á stærð og öðrum líkamseinkennum. Þessi sambandsvera brasilíumannsins talar við stjórnanda "hins fljúgandi disks". Brasilíumaðurinn nemur hugsanir hans, og þótt þessi fjarlægi sambandsmaður hans tali framandi tungu, tekur hann ekki eftir því. Því í heila hans, mótast hugsanirnar í það mál, sem hann á að venjast, portúgölskuna. Meðan á þessari sambandsskynjun stendur, er sennilegt, að brasilíumanninum finnist þessi atburður ekki sérlega athyglisverður eða framandi. E.t.v. finnst honum hann oft hafa séð slíkt farartæki eða jafnvel þekkja til þess að meira eða minna leiti. Þarna koma til greina hugsanir hins fjarlæga stjórnubúa, sem sennilega er þarna öllu kunnugur. Á meðan brasilíumaðurinn er í þessu leiðsluástandi, er sennilegt að honum finnist þetta allt eðlilegt. Það er fyrst, eftir að hin framandi skynjun er horfin úr vitund hans, að hann fer að átta sig, og fer að hugleiða þá sýn sem fyrir hann hefur borið. Og honum finnst að hann hafi sjálfur reynt það sem frá var sagt, og að atburðurinn hafi gerst þar, sem hann var sjálfur staddur.

Ingvar Agnarsson,  
16. ágúst, 1965.

## GEIMFARI SÁ "HIMINSÝNIR" ?

Mc Divitt tók myndir af leyndardómsfullum hlut - sem ekki kom í ljós við framköllun.

### I.

Á öðrum degi geimferðarinnar, föstud. 4. júní, 1965 sendi Mc Devitt major, sem stjórnaði geymskipinu, útvarpstilkynningar um, að hann hefði séð "hlut í geimnum, sem hefði stóra útstandandi arma". Hann kvaðst hafa gripið ljósmyndavél sína, og flýtt sér að taka nokkrar myndir af hlutunum. En síðan fór þetta að gerast leyndardómsfullt.



Talsmenn frá geimferðaráðuneytinu kváðust halda að Mc Devitt hefði séð gerfihnöttinn "Pegasus - 2. ", sem vegur 11600 kg., en Bandaríkjamenn skutu honum á loft í fyrra mánuði. En Mc. Divitt sagði, að hluturinn sem hann sá, hefði verið í aðeins um 30 km. fjarlægð og hefði nálgast óðum. Á þeim tíma var Pegasus - 2. í um það bil 2000 km burtu og á braut sem lá miklu hærra. Í skýrslu frá sjónvarpsfélagi nokkru er því haldið fram að Mc. Divitt hafi séð einn af hinum mörgu amerísku "njósnahtöttum" sem ganga um jörðina og safna upplýsingum, en lýsingar Mc. Divitt á "stórum útstandandi örmum", eiga ekki við þá njósna-gerfihnetti sem þekktir eru undir nöfnunum "Midas og Samas".

Talið var víst, að lausn mundi fást á þessu máli, er filmur Mc. Divitt yrðu framkallaðar, en til mikillar undrunar fyrir viðkomandi rannsóknarmenn og ekki síst fyrir Mc. Divitt sjálfan, þá fanst ekki vottur af nokkrum sköpuðum hlut á filmunni, sem hann tók af hlutum, og eftir að sérfræðingar höfðu rannsakað hana varð að viðurkenna að á filmunni var ekki mynd af nokkrum sköpuðum hlut.

Þrátt fyrir þetta heldur geimferðaráðuneytið því fram, að þetta hafi, samt sem áður verið Pegasus - 2., sem Mc. David hafi séð, en sé það rétt þá verður maður að mynda sér alveg nýja skoðun á hæfileika geimfaranna til að meta fjarlægðir í geimnum. Pegasus - 2. hefur 30 langa "leðurblökuvængi", sem gætu komið heim við lýsingu Mc. Davitt.

Aftur á móti eru "njósnahtettirnir" aðeins í gangi í stuttan tíma, og þeir þurfa ekki slíkar risastórar sólarsellur - hina stóru arma sem Mc. Davitt sá - eins og hinir stóru gerfihnettir hafa til að afla sér nægilegrar orku til vísindalegra athugana. Hafi það samt verið njósna htöttur sem hann sá mun það aldrei verða viðurkennt opinberlega.

Hið dularfulla við þetta er, að ekki var hægt að finna vott um svo mikið sem agnarögn af neinum "himinhlut" á ljósmyndabynnu Mc. Davitts, og það er talið mjög ósennilegt að maður eins og stjórnandi Gemins - 4., með fullri meðvitund og með skynfæri sín í fullri notkun, hafi getað séð "himinsýnir".

Við höfum enn ekki fundið vitund af gerfihnetti Mc. Davitts, og við munum heldur ekki finna neitt af honum, sagði talsmaður geimferðaráðuneytisins eftir að hafa rannsakað filmuna frá Gemini-4.

Ingvar Agnarsson  
Þýddi.



## II.

Þessi grein sem birtist í norsku blaði, ekki alls fyrir löngu virðist sýna ljóslega, að geimfarinn Mc. Davitt hafi séð sýn sem alls ekki gat stafað frá nálægu umhverfi hans, þ. e. geimrúminu í nálægð við geimfar hans. Samt sýnist honum þessi hlutur svo raunverulegur að hann tekur fram ljósmyndavél sína til að taka nokkrar "myndir", sem þó koma ekki fram er filman er framkölluð.

Mér virðist að hér muni enn einu sinni vera um sambands-skynjan að ræða, líkt og þegar menn sjá "fljúgandi diska" og aðra torkennilega hluti. Mc. Davitt er ekki eini geimfarinn sem séð hefur hluti, sem þeir gátu í rauninni ekki séð á eðlilegan hátt, með eigin augum. Annar geimfari gat t. d. séð greinilega hús á jörðu niðri og geta allir skilið, að það var ómöglegt, eftir hinum venjulegu skynjunarleiðum. En ef hafðir eru í huga þeir möguleikar, að sjá fjarlæga hluti, fyrir samskynjan við annan mann, sem staddur er í fjarlægð jafnvel á öðrum hnetti, þá verða svona sýnir ekki eins óskiljanlegar eða dularfullar og annars mætti ætla.

Ingvar Agnarsson  
29. ágúst, 1965.

## FUNDARGERÐ.

Félag Nýalssinna hélt fund miðvikudaginn 5. janúar að Laugavegi 24. Formaður setti fundinn kl. 9.30. Í nafni félagsins bauð hann síðan sérstaklega velkomin á fundinn tvo gamla góða féлага, sem lengi höfðu verið fjarverandi, þau Þorstein Guðjónsson og Steingerði Þorsteinsdóttur, sem þarna voru komin á fundinn nýkomin heim frá Osló. Sturlaugur Jónsson las síðan upp úr Þónýal, greinina Aldaskiptamál, og hlaut Sturlaugur að því loknu þakkir fyrir skörulegan lestur. Í grein þessari er rætt um bók eftir Gísla Halldórsson verkfræðing. Hafði Ingvar orð á því, að Gísl Halldórsson væri merkilegur maður. Lét hann þess og getið, að nýkomin væri út eftir hann bæklingur nokkur á ensku, þar sem sett væri fram kenning um alheiminn, en samkvæmt þeirri kenningu væri alheimurinn ýmist að þenjast sundur eða dragast saman, og taldi Ingvar að lítil framför gæti orðið í slíkum heimi.

Þá flutti Þorsteinn Guðjónsson erindi um sögu hinna "fljúgandi diska", eða hluta af erindi, því að það var ófullgert. Í erindinu kom það m. a. fram að hinir svonefndu fljúgandi diskar hefðu fyrst sézt í Washingtonfylki í Bandaríkjunum árið 1947, nánar tiltekið yfir "fjallinu helga", Tacoma, sem Indíánar höfðu haft átrúnað á. Í þessum fyrirbrigðum taldi Þorsteinn koma fram at-  
hyglisverða viðleitni handanað - því að fyrirbrigðin myndu vera sambandseðlis, þó að mönnum sé það ekki ljóst - til að styðja



Nýalssinna. En árið 1948 hefðu einmitt í Reykjavík í húsi nokkru við Stýrimannastíg fyrir tilstilli Þorsteins á Úlfsstöðum komið saman nokkrir þeir sem áhuga höfðu á kenningu Nýals, og vildu stofna til samtaka um þær, enda varð svo tveim árum síðar. En fyrir 1947 höfðu verið gerðar árangurslausar tilraunir til að stofna slíkt félag. Ekki kvaðst Þorsteinn taka neitt mark á þeirri hugmynd sem margir gera sér um flugdiska, að þar sé um að ræða farartæki, sem siglt hafi yfir geimdjúpin frá öðrum hnöttum, og hefði þessi ímyndun gert sig fráhverfan þessu í fyrstu. En í sumar sem leið hefði hann lesið um "diska", sem birtust yfir Azoreyjum og ollu raftrufnunum. Sáú þessa diska mjög margir samtímis, og kvað Þorsteinn sér hafa komið í hug að um myndun aflsvæðis kynni þarna að hafa verið að ræða. Hefðu menn því farið að sjá þarna sambandssýnir og jafnvel átt sér stað líkamningar efnishluta.

Skömmu síðar hefðu miklar umræður í blöðum um "flugdiska" orðið til þess að hann sótti fundi í námsflokki áhugamanna á þessu sviði í Osló. Hjá þessum mönnum, sem sumir voru rosknir en aðrir um tvítugt, hefði sér virzt vera fyrir hendi mikill vísir að áhuga á íbúum annarra hnatta og einnig á hugsanaflutningi. Ennfremur kvaðst Þorsteinn hafa kynnt sér ýmis rit um þessi mál, og sýndist sér þau vera merkar heimildir um fyrirbrigðin, en um skýringu á þeim væri þar ekki að ræða. Virtist formaðurinn í hinu norska félagi gera sér far um að halda áhuganum á þessu vakandi, en forðast hinsvegar að draga ákveðnar ályktanir.

Bersteinn Jónsson bar fram þá spurningu hvort Þorsteinn hefði séð myndir. Sagði Þorsteinn þá að þeir hefðu sagt sér, að þeir tortryggðu margar þær myndir, sem fram hefðu komið, en tækju að öðru jöfnu meira mark á óskýrum myndum en skýrum. Væri það, bætti hann við, eftirtektarvert, því ef þetta er líkamningaeðlis, þá er við því að búast að þeir séu óskýrir.

Í Danmörku komu þau hjónin við á heimleiðinni og kvaðst Þorsteinn hafa hitt að máli foringja "flugdiska" manna þar í landi. Er hann flugliðsforingi. Þegar Þorsteinn spurði hann hvort hann hefði haft áhuga á stjörnufræði áður en hann fór að gefa sig að flugdiskamálum, þá kvaðst hann ekki geta sagt það. En þegar hann var lítill sagði hann að fyrir sig hefði borið sýn nokkra. Árið 1954 hefði hann svo séð í blaði mynd, sem átti að vera af fljúgandi diskum, og um leið hefði rifjast upp fyrir sér sýnin. Vakti þessi líking áhuga hans.

Stefán Thorarensen minntist á að myndir sem birtar hefðu og áttu að vera af "fljúgandi diskum", hefðu reynzt vera falsaðar og höfðu verið notaðir lampaskermar við fölsunina. Þorsteinn kvað sér vera kunnugt um þetta og bæri auðvitað að varast slíkt, en ekki yrði allt dæmt fals og blekkingar, sem fram hefði komið um þetta efni. Sýndi hann nú fundarmönnum bók, sem í



voru margar " diska " myndir. - Ef ég ætti að deila við einhvern sem rengdi þetta allt - sagði Þorsteinn síðan - myndi öruggasta dæmið sem ég gæti nefnt vera frá 1952. Sáú þá mjög margir " diska " fyrirbæri samtímis í Washingtonborg í Bandaríkjunum, og kom samtímis fram á ratsjártækjum eitthvað sem aldrei fékkst skýring á. Skiptu sjónarvottar þúsundum, og væri það skiljanlegt út frá Nýal, að því fleiri sem sáu þetta því betur hafi þeir stillt hvorir aðra til sambands við aðra hnetti. Þetta smábyggist upp, sagði Þorsteinn og eykur hvað annað samkvæmt stillilögmálinu. Þá gat hann þess, að blaðamenn hefðu verið kallaðir saman þarna í Washington út af fyrirbrigðunum, en einhver hefði komið og flækt þá og þannig eytt málinu.

Ekki taldi Þorsteinn, að fyrirbrigði þessi yrðu skýrð sem tilraunir með leynivopn. Sturlaugur taldi að málið hefði verið þaggað niður til að afstýra hræðslu. " Mín skoðun er sú, að hermálaráðuneytin séu með þetta öll ( til rannsóknar, en þar með segi ég ekki að ekki sé neitt á sveimi kringum jörðina frá öðrum hnöttum ". Ingvar hafði orð á að í sambandi við svona sýnir skyldu koma fram rafrufanir.

Þorsteinn sagði annars, að mergurinn málsins væri sá, að af samböndum við fólkið, sem væri að hugsa um þetta væri okkur helzt árangurs að vænta. Tók Stefán Thorarensen undir það með þeim orðum, að þarna væri jarðvegur fyrir okkur að vinna. Bergsteinn Jónsson stóð upp og tók til máls. Þakkaði hann Þorsteini fyrir og kvað ekki fráleitt að við ættum að gefa þessu dálítinn gaum. Eina leiðin væri að hafa samband við móttækilegt fólk. Þá kvaðst hann vilja ræða um fyrirkomulagið á fundum félagsins. Venjulega væru þeir óformlegir, en á óformlegum fundum, þar sem hver talaði upp í annan væri ekki aðstaða til að ræða neitt til hlítar eða komast að niðurstöðu. Kvaðst hann vilja mæla með því að hafa eitthvað af fundartímanum formlegan. Og yrði þá sá háttur á hafður að hver ræðumaður stæði upp og talaði til fundarmanna. Er Bergsteinn hafði lokið máli sínu spurði formaður hvort fleiri vildu leggja þarna orð í belg. Stóð þá upp Sturlaugur Jónsson og sagðist vera þessu fylgjandi. Nauðsynlegt væri og þroskandi að hver gæti staðið upp og flutt mál sitt. Í sama streng tók Stefán Thorarensen.

Þá tók formaður til máls. Það að fundir væru óformlegir kvað hann ekki sízt stafa af fámenni á fundum yfirleitt. Gott væri að standa upp og koma að ræðupúlti, en sér væri til efs að sá háttur væri heppilegur þar sem 4-5 menn mættu. Og að fundarsókn myndi aukast við aukna formfestu, væri sér mjög til efs. Annað mál væri ef t.d. 20 mættu. Hitt væri líkara því að gestir kæmu í heimahús að rabba saman. En samt væri gaman að ræða um þetta og það væri rétt að fundunum hefði ekki verið stjórnað á þennan hátt.

Sturlaugur kom með þá spurningu hvernig væri hægt að



auka fundarsóknina. Ingvar svaraði og sagðist hafa haldið, að í kvöld væri þó sérstakt tilefni til að mæta vel, þar eð ágætir félagar væru komnir eftir langa fjarveru. Bergsteinn tók aftur til máls og kvað það ekki hafa verið ætlun sína að deila á Ingvar og ekki ætlast til að hann breytti viðteknum hætti. En fólksfæð á fundum stafaði af því, að fólkinu fyndist það hafa of lítið þangað að sækja. Þannig hefði hann komið í kvöld til að sjá Þorstein Guðjónsson og heyra erindi hans. En að því er formfestu snerti skipti ekki máli þótt fámennt væri á fundum. Ef enginn vildi standa upp og taka til máls, yrði allur fundurinn óformlegur og rabbað saman að vild. Bæri að athuga þetta gaumgæfilega. Og á formlegum fundum þyrfti að hafa efni, sem gaman væri að bera fram. Spurði Ingvar þá hver gæti stungið upp á fundarefni, þannig að orðið gæti til að draga fólk á fundi. Bergsteinn stakk þá upp á því, að einhver yrði fenginn til að gagnrýna málefni okkar. Minnt var á málfundi, og sagði Ingvar frá misheppnuðum tilraunum til að stofna til slíkra funda innan félagsins.

Sturlaugur Jónsson lét þess getið, að á málfundum annarsstaðar, sem hann hefði verið á, hefði hann hyllt til að bera fram það sem erfitt væri að verja og hefðu hinir þá hellt sér yfir hann.

Margt fleira barst í tal á fundinum. Þannig sagði Bergsteinn frá sýn, sem einn félagsmanna hefði séð, og þýtt fyrir " disk ". Krakkar voru að reka af engi ( við Eyjafjörð ). Heyra þau þyt í lofti og verður lítið þangað og sjá þá í um 30 metra hæð yfir firðinum einhvern bjartan hlut eða ljós lítið stærra en hrafn, var það ílangt og fór með ofsahraða og gný út fjörðinn og hvarf þeim sýn.

Þá sagði Jósep Halldórsson frá því að hann hafi fyrir 38 árum, þegar hann var krakki, heima í Hjaltadal, séð ljós nokkurt fara þvert yfir dalinn svo bjart að það lýsti upp allan dalinn. Kvaðst Jósep hafa orðið hræddur. Lægra var það á lofti en fjöllin þarna og taldi Þorsteinn að þarna hefði ekki verið um víga-hnött að ræða, en ef til vill rafmagnsfyrirbæri það, sem þeir í Osló hefðu einmitt verið að ræða um og kallað " kuglelyn ". Væri þetta fyrirbæri viðurkennt af eðlisfræðingum, en þó kynnu menn ekki að skýra það til fulls, og væri það heldur sjaldséð. ( Grein mun vera í gömlum Náttúrufræðingi um þetta ). Einhver vafi kom þó fram um að það hefði verið þesskonar fyrirbæri, sem Jósep hafði séð.

Stefán Thorarensen minntist á það, að hann hefði verið viðstaddur þegar Þorsteinn Guðjónsson hefði gert athugasemdir sínar við erindi sem frægur útlendingur var að halda hér í háskólanum " um líf á öðrum hnöttum ". Sagði Þorsteinn þá frá því, að eftir að hann hefði í umræðum þeim sem urðu að erindinu loknu, minnt á kenningar Nýals um stjörnusamband. Vildi sá danski ekki taka tillit til þeirra og sagðist ekki þekkja þær nema af afspurn. " Hvernig treystið þér yður þá til að dæma